

um endurskoðun laga um lánveitingar til íbúðabygginga.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason, Karl Kristjánsson, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinnsson, Halldór Ásgrímsson, Halldór E. Sigurðsson, Ólafur Jóhannesson, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna millipinganefnd, hlutbundinni kosningu, til þess að endurskoða öll gildandi lög um lánveitingar til íbúðabygginga í landinu.

Nefndin skal gera tillögur að nýrri löggjöf í þessum efnunum, er m. a. hafi það markmið:

að auka lánveitingar til byggingar nýrra íbúða, svo að unnt verði að lána til hvernar íbúðar af hóflegri stærð, hvar sem er á landinu,  $\frac{1}{3}$  hluta af byggingarkostnaði;

að jafna aðstöðu manna til lánsfjár þannig, að heildarlán geti orðið svipuð til hvers manns, miðað við sömu stærð íbúðar, hver sem hann er og hvar sem hann býr;

að greiða fyrir mönnum með lánveitingum til að endurbæta íbúðir svo og að kaupa íbúðir til eigin nota.

Nefndin leggi tillögur sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

#### Greinargerð.

Allir þurfa á húsnæði að halda, engu síður en fæði og klæði. Siðferðileg skylda ríkisvaldsins til að gera mönnum mögulegt að eignast þak yfir höfuðið er engu minni en að stuðla að nægilegri atvinnu og viðunandi lífskjörum að öðru leyti.

Það verður jafnan eitt af fyrstu viðfangsefnum þeirra, er stofna heimili, að reyna að eignast íbúð. Flestir eru ungir að árum, þegar þeir mynda eigið heimili, og fæstir þeirra eru miklum efnunum búnir. Hins vegar kostar íbúð fyrir fjölskyldu mikið fé, eins og nú er komið.

Samkv. skýrslum Hagstofu Íslands kostar nú 300 rúmmetra íbúð um 440—490 þús. kr. og hefur hækkað í verði á síðustu fjórum árum um 130—145 þús. kr. Skortir því mjög á, að lán úr byggingarsjóði ríkisins eða stofnlánadeild Búnaðarbankans hafi dugað til að greiða verðhækkun íbúðarinnar. Jafnvel þótt lán þessi hækki nú úr 100 þús. kr. á íbúð í 150 þús. kr., eru þau samt ekki nema rúmlega fyrir verðhækkuninni. Þótt lán úr lífeyrissjóðum séu nokkru hærri, njóta þeirra ekki aðrir en þeir, sem greiða til lífeyrissjóðanna. Af þessu leiðir, að eigið framlag hvers manns, sem byggir sér íbúð af fyrrnefndri stærð, þarf að vera 290—340 þús. kr., og er þá miðað við 150 þús. kr. lán. Nærri má geta, hversu auðvelt þetta reynist ungu og efnalitlu fólki. Óhjákvæmilegt er því að hækka lán til hvernar íbúðar frá því, sem nú er.

Þá er hagkvæmt að veita mönnum nokkurt lánsfé til endurbóta á gömlum húsum eða til að kaupa slík hús. Með því má hagnýta betur húsnæði, sem fyrir er, spara lánsfé, sem annars þyrfti í nýjar íbúðir, og koma í veg fyrir, að menn búi í óviðundandi íbúðum.

Þróun þessara mála hefur vægast sagt farið alvarlega úrskæiðis síðustu árin. Sem dæmi um samdrátt í íbúðabyggingum þrjú síðustu árin, í samanburði við þrjú næstu ár þar á undan, má nefna eftirfarandi um tölu íbúða, sem byrjað hefur verið að byggja tilgreind ár:

	1956—1958	1959—1961	Fækkun
Sveitir .....	406	246	160 — 39%
Kauptún .....	753	583	170 — 23%
Kaupstaðir .....	1341	1040	301 — 22%
Reykjavík .....	2347	1530	817 — 35%
Samtals	4847	3399	1448 29.9%

Framangreindar upplýsingar eru fengnar úr skýrslu Efnahagsstofnunar ríkisins.

Víða hefur húsnæðisleysi komið í veg fyrir stofnun heimila, — einnig staðið í vegi fyrir, að menn gætu notið heppilegra atvinnuskilyrða. Sums staðar mun vera eitthvað meira um það, að ráðizt hafi verið í íbúðabyggingar á árinu 1962 en hvert hinna þriggja ára næst á undan. Þetta mun stafa af því, að þrýstingurinn frá óþolandi ástandi í húsnæðismálunum er orðinn svo mikill, að menn reyna að hefja byggingu upp á von og óvon.

Hér er um þjóðfélagsvandamál að ræða, sem þolir ekki bið, en þarf að ráða bót á hið fyrsta, og í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.